

II. Frumvarp

til laga um stimpilgjald.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

I.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Þegar skjöl þau, er ræðir um í lögum þessum, eru gefin út eða afgreidd, skal stimpla þau eins og lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Stjórnarráðið lætur gera stimpilmerki, ákveður útlit þeirra, upphæð og hvernig þau skuli ónýta. Það ákveður einnig hversu haga skuli sölu á þeim. Sem endurgjald fyrir að sjá um stimplun skjala og reikningsfærslu má greiða 2% af andvirði merkjanna.

Stjórnarráðinu er heimilt að láta gera pappír með áletruðu stimpilmerki eða stimpilmerkjum og má nota hann í stað merkjanna.

3. gr.

Um ákvörðun stimpilgjaldsins fer eftir þessum almennu reglum:

- a. Þegar stimpilgjaldið er hundraðsgjald af fjárhæð skjals og gjaldið er eigi deilanlegt með 5 færast það niður í næstu tölu, sem deila má á þenna hátt, þó þannig, að gjaldið má aldrei minna vera en 10 au.
- b. Í stimpilskyldum skjölum skal jafnan getið þeirrar fjárhæðar, sem stimpilskyldan er bundin við.
- c. Nú hljóðar stimpilskylt skjal um árlegar tekjur eða gjöld, sem eru áskilin eða lofuð um aldur og æfi, eða fyrir fleiri menn en þá, sem eru á lífi þá er skjalið er gert eða um ákveðið tímabil, sem ekki er styttra en 25 ár og skal þá stimpilgjaldið reiknast af árgjaldinu tuttugu og fimmföldu. Ef árabilið er ákveðið innanvið 25 ár, telst stimpilgjaldið af árgreiðslunni margfaldaðri með áratölunni.

Ef greiðsla er ákveðin um æfitið einstaks manns eða fleiri manna, sem eru á lífi þá er skjalið er gert, eða um annan óákveðinn tíma, skal telja stimpilgjaldið af árgjaldinu tíföldu.

Ef árgjald er mismunandi skal taka meðalgjaldið.

4. gr.

Stimpilskyldan nær til allra skjala, ef þau annars eru stimpilskyld,

sem út eru gefin í hinu íslenska konungsríki, þegar annaðhvort að minsta kosti einn aðilja á þar heimili, eða skjalið hljóðar um verðmæti hjer í ríkinu, rjettindi yfir þeim, eða rjettindi eða skyldur fyrir einstaklinga, fjelög eða stofnanir, sem eiga heimili hjer á landi.

Skjal telst gefið út hjer í ríkinu, ef annar eða einhver aðilja hefir undritað það hjer.

5. gr.

Þau skjöl, sem hjer greinir eru stimpilskyld, hvar sem þau eru gefin út:

1. Afsöl fyrir fasteignum í ríkinu og skipum, sem hjer eru skrásett, svo og önnur skjöl, er veita eða framselja rjettindi yfir slikum eignum.
2. Vátryggingarskjöl, ef þau snerta fasteignir eða verðmæti í ríkinu, nema sannað sje að ekkert af iðgjaldinu eigi að greiðast hjer.
3. Hlutabrjef, skuldabryef og önnur verðbryef, sem ætluð eru til að ganga manna í milli, ef þau eru gefin út af fjelögum eða stofnunum, sem eiga heimili hjer á landi.
4. Útlend hlutabryef, skuldabryef og önnur slik skjöl, sem flutt eru hingað annaðhvort sem eign manna eða fjelaga, sem hjer eiga heimili eða sem trygging gagnvart þeim.
5. Vixlar og ávisanir ef samþykki eða greiðsla fer fram hjer.

6. gr.

Stimpilskylda skjals fer eftir rjettindum þeim, er það veitir, en eigi nafni þess eða formi.

Eftirrit af sáttum og nótarialgerðum, er skapa rjettindi eða skyldur, sem eigi hefir áður verið gert skjal um, stimplast eftir tegund og verðmæti þeirra skyldna og rjettinda, er um ræðir.

7. gr.

Ef í sama skjali er falin fleiri en ein tegund gerninga, svo sem afsal veitt og veð sett, eru báðar eða allar tegundir stimpilskyldar.

8. gr.

Þegar skjöl eru gefin út í fleiru en einu eintaki, er aðeins eitt þeirra stimpilskyld nema öðruvísi sje ákveðið sjerstaklega.

9. gr.

Áletranir á skjöl, sem áður eru stimpluð, svo sem áletrun um breyting á verði, áletrun um ábyrgð, vexti, borgunarskilmála eða annað þessháttar, eru eigi stimpilskyldar, svo framarlega sem áletrunin hefði ekki breytt stimpilgjaldinu, þótt hún hefði staðið í skjalinu frá byrjun, en ella skal fyrir áletrun

unina greiða gjald, er nemur hækkun þeirri, er orðið hefði, ef hún hefði verið í skjalinu frá byrjun.

10 gr.

Ef skjal stofnar til rjettinda eða skyldna, er meta verður mismunandi hátt, telst stimpilgjaldið af hæstu fjárhæðinni.

II.

Um greiðslu stimpilgjalds, stimplun og endurgreiðslu gjaldsins.

11. gr.

Stimpilgjaldið greiðist annaðhvort með því að nota stimplaðan pappír eða líma stimpilmerki á skjalið, eða hvorutveggja.

12. gr.

Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út hjér á landi, skulu stimplast áður 2 mánuðir sje liðnir frá útgáfudegi, nema eindagi sje fyr og þá fyrir eindaga. Ef aðiljar hafa eigi undirritað samtímis, telst fresturinn frá því er hinn fyrsti undirritaði.

Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út erlendis skal stimpla á sama fresti og innlend skjöl, talið frá þeim tíma er skjal kom hingað til lands og skal sá, er stimpla lætur votta á skjalið hvenær það var. Stjórnarráðið getur lengt frest þenna, ef sjerstaklega stendur á.

13. gr.

Allir opinberir starfsmenn eru skyldir til að stimpla án endurgjalds fyrir stimplunina, þau skjöl, sem þeir gefa út eða á einhvern hátt afgreiða. Auk þess eru lögreglustjórar og hreppstjórar skyldir til að stimpla skjöl fyrir almenning gegn 25 au. þóknun fyrir hvert skjal. Bankar og sparisjóðir eru skyldir til að stimpla án sjerstaks gjalds skjöl þau, er um þeirra hendur fara. Nánari reglur í þessu efni getur stjórnarráðið sett. Einstökum mönnum er óheimilt að stimpla skjöl sín. Þó getur stjórnarráðið veitt fjelögum, stofnunum og einstökum mönnum, er þar til teljast sjerstaklega hæfir, rjett til þess, gegn tryggingu, er það setur um reikningsskil og bókfærslu. Ennfremur getur stjórnarráðið ákveðið, ef nauðsynlegt þykir, að einstakar tegundir skjala megi hver einstakur stimpla.

14. gr.

Þeir, sem hafa á hendi stimplun skjala, geta krafist allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra, er stimplunar beiðast og ákveða síðan gjaldið, framkvæma stimplunina og afhenda skjalið beiðanda. Ef hann er óánægður með ákvörðun gjaldsins getur hann skotið því undir úrskurð stjórnarráðsins innan tveggja mánaða, en fylgja skal jafnan umsögn lögreglustjóra. Ef hlutaðeigandi vill eigi heldur una við úrskurð stjórnarráðsins, getur hann lagt málið undir dómstólana.

15. gr.

Stimpilmerki, sem limd hafa verið á fullgerð skjöl, má eigi taka af þeim aftur, en stjórnarráðið hefir heimild til að endurgreiða stimpilgjaldið eða hluta af því, þegar skjal er ógilt með öllu að lögum, eða eigi verður af því vegna svipaðra ástæðna, að það rjettarástand skapist, sem skjalið ráðgerði.

Ef skjal hefir af vangá verið stimplað of hátt, skal endurgreiða það, sem ofborgað er, þó eigi nema það sje að minsta kosti 5 kr.

Endurgreiðslur þær, sem ræðir um í þessari grein, mega þó því að eins fram fara, að beiðni um þær hafi borist stjórnarráðinu áður en 2 ár sje liðin frá útgáfu þess, eða þeirra skjala, sem beiðnin á við. Skjölin sjálf, eða staðfest eftirrit af þeim, skulu jafnan send stjórnarráðinu, ásamt beiðninni um endurgreiðslu.

16. gr.

Krafa rikissjóðs um stimpilgjald fyrnist ekki, nema svo sje ástatt, að opinber starfsmaður eigi sök á því, að eigi var stimplað, en þá fyrnist krafan á 4 árum. Ennfremur fellur krafa til stimpilgjalds burtu, þegar liðin eru 5 ár frá þeim tíma, er skjalið var með öllu úr gildi, og enginn þeirra starfsmanna, sem getur í 55. gr. þessara laga, hefir orðið áskynja um brotið, áður sá tími sje liðinn, og tekið skjalið til þess að koma fram ábyrgð á hendur hinum seka.

III.

Um stimpilgjald einstakra skjala.

17. gr.

Með 1% af verðhæðinni, skal stimpla afsalsbrjef fyrir fasteignum og skipum yfir 5 smál. brúttó, þar með talin afsöl við fógetagerðir, skifti og uppboð, svo og öll önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaupsamninga, makaskiftabrjef, gjafabrjef og próventusamninga. Ennfremur erfðafestubrjef, ef þau veita rjett til að selja eða veðsetja.

Þegar fasteign eða skip er lagt út til eignar ófullnægðum veðhafa, greiðist hálf gjald.

Ef giftingarvottorð er þinglesið sem heimild fyrir skipi eða fasteign, skal ekkeri stimpilgjald greiða, nema ef endurgjald er áskilið til meðerfingja eða annara, því að þá skal reikna stimpilgjald eftir endurgjaldinu.

Útdrættir úr skiftabókum eða öðrum embættisbókum eða vottorð embættismanna, fjelaga, stofnana eða einstakra manna, er sýna eigandaskifti að fasteign eða skipi, eða eru til sönnunar eignarheimild, stimplast sem afsöl.

18. gr.

Stimpilgjaldið fyrir öll heimildarbrjef fyrir skipum og fasteignum telst eftir því kaupverði, sem sett er á eignina í brjefinu, og teljast veðskuldir, itök eða kvaðir, sem kaupandi undirgengst, til kaupverðsins.

19. gr.

Þegar kaupsamningur er stimplaður, er afsalsbrjef til sama kaupanda stimpilfrjálst.

20. gr.

Ef heimildarbrjef er framselt, ber að stimpla framsalið sem afsal.

21. gr.

Þeim opinberum starfsmönnum, sem þinglestur og skrásetning hafa á hendi, er skylt að athuga, um leið og afsalsbrjef fyrir fasteignum eru afhent til þinglestrar, eða afsöl fyrir skipum sýnd vegna skrásetningar, hvort þau eru stimpluð, og ef svo er eigi, þá heimta stimpilgjaldið þá þegar. Hið sama er um önnur stimpilskyld skjöl, er snerta fasteignir og skip, ef þau eru afhent vegna þinglestrar eða skrásetningar.

22. gr.

Heimildarbrjef fyrir fasteignum og skipum verða stimpilskyld við þinglestur eða skrásetningu, þótt þau sjeu gefin út áður en lög þessi öðlast gildi, ef þau eru eigi áður stimpluð.

23. gr.

Heimildarskjöl um veiðirjettindi, skjöl, sem leggja ítök, iskyldur og kvaðir á annara eign, stimplast með 1%, ef endurgjald er greitt eða áskilið, og fer stimpilgjaldið eftir endurgjaldinu. Framsöl þessara rjettinda eru stimpilskyld, eftir sömu reglum.

24. gr.

Hlutabrjef, sem gefin eru út af fjelögum með takmarkaðri ábyrgð, stimplast með 1%, ef þau hljóða á handhafa, en með $\frac{2}{3}$ %, ef þau hljóða á nafn. Framsöl á handhafabrjefum eru stimpilfrjáls, en framsöl hlutabryefa, sem hljóða á nafn, stimplast með 1% af upphæð brjefsins, og má eigi framselja þau til handhafa, nema þau sjeu stimpluð sem handhafabrjef.

Ef hlutabrjef, sem hljóða á nafn, eru í byrjun stimpluð sem handhafabrjef, eru framsöl þeirra stimpilfrjáls.

Framsöl hlutabryefa, sem gefin hafa verið út áður en lög þessi öðlast gildi, stimplast með 3%, ef þau hljóða á handhafa, eða eru framseld til handhafa, en ella með 1%. Ef slik hlutabrjef eru í eitt skifti stimpluð með 5%, eru þau eftir það stimpilfrjáls, þótt framseld sjeu.

25. gr.

Ef hlutabrjef hljóðar eigi um ákveðna fjárhæð, heldur um hluta af stofnsjenu, skal í brjefiúu getið þeirrar fjárhæðar, sem telja verður að hlutabryefið sje vert, og ákveða stimpilgjaldið eftir því.

26. gr.

Hlutabrjef í fjelögum, með breytilegri fjelagatölu, eða breytilegum

höfuðstól, stimplast eins og segir í 24. gr., þótt fjelagsmenn sju persónulega ábyrgir. Hið sama er um hlutabryf persónulega óábygrra manna í fjelagi, þar sem sumir eru persónulega ábyrgir.

27. gr.

Fjelagssamningar stimplast með $\frac{1}{2}\%$ af því fje, sem í fjelagið er lagt, ef persónuleg ábyrgð er fyrir fjenu, ella er samningurinn stimpilfrjáls, með þeirri undantekningu, sem í 26. gr. segir.

28. gr.

Ef fasteign eða skip er afsalað fjelagi, skal jafnan greiða gjald það er ræðir um í 17. gr. hvort sem persónuleg ábyrgð er fyrir skuldum fjelagsins eða eigi, og hvort sem afsalið er sjerstakt eða í fjelagssamningi eða öðrum samningi.

29. gr.

Nú hljóðar fjelagssamningur eigi um nein fjárframlög og skal þá stimpla hann með 10 kr.

Nú leggur fjelagi fram persónulega vinnu, en annar peninga og skal þá vinnan metin jöfn framlaginu og því lægsta ef framlög eru fleiri og ójöfn.

Nú leggur fjelagi fram bæði peninga og vinnu og annar aðeins vinnu og skal þá stimpla samninginn með 10 kr. auk gjalds af fjárframlaginu eftir fyrirkomulagi fjelagsskaparins.

30. gr.

Framsöl einstakra meðlima á rjettindum sínum í fjelaginu eru stimpilskyld, ef fjelagssamningurinn var stimpilskyldur en ella eigi.

31. gr.

Skuldabryf og tryggingarbryf stimplast með 3% ef skuldin ber vexti og er trygð með veði eða ábyrgð, en annars með 1% og telst brot úr þúsundi heilt þúsund ef bryfið er yfir 1000 kr.

Skuldabryf, sem ekki nema meiru en 200 kr. eru stimpilfrjáls, þegar skuldin ber eigi vexti og engi trygging er sett.

32. gr.

Ef veðrjettur er stofnaður eða trygging er sett fyrir væntanlegri eða óákveðinni skuld, skal reikna stimpilgjaldið eftir þeirri upphæð, sem frekast er ætlast til að tryggja.

33. gr.

Þegar skuld er endurnýjuð með nýju bryfi (novatio) eða skuld er færð yfir á annars manns nafn (delegatio) greiðist helmingur gjalds þess, er í 31. gr. segir.

34. gr.

Framsäl á skuld stimplast eftir reglunum í 31. gr.

35. gr.

Vixlar og allar ávísanir, nema tjeckar, stimplast eins og hjer segir:

200 kr. eða minna með	20 au.
Frá 200— 400 kr. með	40 —
— 400— 600 — —	60 —
— 600— 800 — —	80 —
— 800—1000 — --	1 kr.

Ef fjárhæðin er hærri skal stimpla skjöl þessi með 1 kr. af þúsundi eða broti úr þúsundi.

Endurnýjaður vixill telst nýr vixill. Tjeckávisanir, sem greiddar eru eftir að rjettur til greiðslu þeirra hjá útgefanda og framseljendum er horfinn, eru stimpilskyldar sem aðrar ávísanir.

36. gr.

Nú hljóðar vixill eða ávisun um borgun í erlendri mynt og reiknast þá stimpilgjaldið eftir bankagangverði þeirrar myntar hjer á landi á þeim tíma er stimplun fer fram.

37. gr.

Ef veð eða ábyrgð er áskilin í vixli, stimplast hann eins og veðtrygt skuldabryf. Framsöl á vixlum og ávisunum eru eigi stimpilskyld.

Ef skjal fullnægir eigi kröfum löggjafarinnar um vixla, stimplast það sem skuldabryf.

38. gr.

Lifsábyrgðarskirteini stimplast með einum af þúsundi eða broti úr þúsundi af lifsábyrgðarfjárhæðinni. Iðgjaldakvittanir stimplast með $1\frac{1}{2}\%$ af iðgjaldinu.

Brunaábyrgðarskirteini stimplast með 25 au. af þúsundi eða broti úr þúsundi. Endurnýjunarkvittanir með 1% af iðgjaldinu.

Sjóváttryggingarskirteini stimplast með 10 au. af þúsundi eða broti úr þúsundi. Endurnýjunarkvittanir með 1% af iðgjaldinu.

Gjald það, er ræðir um í þessari grein greiðist hvort sem tryggingin fer eftir samningi um ákveðinn eða óákveðinn tíma, án þess að sjerstakt skirteini sje gefið út vegna hveurrar áhættu fyrir sig. Hið sama er ef tryggingarsamningur er gerður með bryfaskiftum, innritun í viðskiftabækur eða á annan hátt.

Skirteini þau, er um getur í þessari grein stimplast um leið og þau eru gefin út eða afhent hinum tryggða eða umboðsmanni haus. Iðgjaldskvittanir stimplast um leið og þær eru afhentar hinum tryggðu eða umboðsmönnum þeirra og skiftir ekki máli hvort váttryggingin er yngri eða eldri en lög þessi.

Stjórnarráðið getur sett nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar. Það hefir og heimild til að gera samninga við váttryggingarsfelög um greiðslu stimpilgjalds á ákveðnum tímum t. d. við áramót gegn eftirliti eða tryggingum í bókfærslu, er stjórnarráðið telur nægja.

Stjórnarráðið hefir ennfremur heimild til að undanþiggja stimpilgjaldi einstakar tegundir trygginga, ef sjerstök ástæða þykir til.

39. gr.

Allskonar virðingargerðir, til hvers sem þær eru ætlaðar, stimplast með

10 au. af hverju þúsundi virðingarverðsins eða hluta úr þúsundi. Þetta nær þó eigi til virðinga þeirra, sem rikið lætur framkvæma.

40. gr.

Leigusamningar um skip, hús, jarðir og lóðir stimplast með 25 au. af hverju hundraði, eða broti úr hundraði, sem leigan nemur.

Ef leigusamningurinn gildir um óákveðinn tíma telst gjaldið af ársleigunni tifoldri. Ef hann skal gilda æfítið leigjanda telst gjaldið einnig af ársleigunni tifoldri og eins er þótt samningurinn skuli einnig gilda meðan ekkja hans lifir.

Samningur um leigu á skipi til ákveðinnar ferðar eða ferða telst gilda ákveðinn tíma.

Erfðafestubrjef, sem eigi veita heimild til að selja og veðsetja, stimplast samkv. þessari gr.

41. gr.

Samningar um kaup og sölu á lausafje stimplast með 2⁰/₁₀₀ af hinu áskilda andvirði. Sama gjald greiðist ef skift er á lausafje, enda sje í slíkum samningum getið verðmætis.

42. gr.

Verksamningar (Entreprise) stimplast með 1⁰/₁₀₀ af hinu áskilda verkkaupi.

43. gr.

Kaupmálar, sem gerðir eru á undan stofnun hjúskapar stimplast með 5 kr., en kaupmálar sem gerðir eru síðar með 1/2⁰/₁₀₀ af þeirri fjárhæð, sem það nemur, er eftir þeim skal vera sjereign annars hjónanna.

44. gr.

Eftirnefnd skjöl skal stimpla með föstu gjaldi:

- a. Yfirlýsingar, sem eru þinglesnar eða skrásettar, með 1 kr., ef þær falla eigi undir nein ákvæði, sem nefnd eru að framan.
- b. Útdrættir, afrit og vottorð, sem einstakir menn biðja um úr embættisbókum eða skjalasöfnum með 50 au.
- c. Nótarialvottorð og afrit eða útdrættir af nótarialgerðum með 50 au.
- d. Dómsgerðir eða rjettargerðir in forma frá undirrjetti með 2 kr. en frá hæstarjetti með 5 kr. Þingsvitni með 1 kr., að undanteknum þingsvitnum um slys eða verðlaun fyrir björgun frá druknun.
- e. Kvaðning utan rjettar með 1 kr.
- f. Tilkygning til innritunar í verslunarskrá með 20 kr. Tilkygning um prókúru stimplast þó aðeins með 5 kr., ef sjerstök er. Tilkygning um að firma sje bætt stimplast með 5 kr. en afturköllun prókúru með 2 kr. Breytingar á skrásettum tilkygningum stimplast annars með 5 kr.
- g. Beiðni um skrásetning vörumerkis með 20 kr. en beiðni um endurnýjun með 10 kr.
- h. Borgarabrjef til heildsöluverslunar með 500 kr., en borgarabrjef til smásöluverslunar með 100 kr.

- i. Leyfisbrjef farandsala og umboðssala með 300 kr.
- j. Skipstjóraskirteini með 10 kr.
- k. Stýrimannsskirteini með 5 kr.
- l. Vjelstjóraskirteini með 5 kr.
- m. Sveinsbrjef með 4 kr.
- n. Einkaleyfisbrjef með 100 kr. og undanþágur frá skilyrðum í slikum brjefum 50 kr.
- o. Önnur leyfisbrjef, sem stjórnarráðið eða valdsmenn gefa út með 10 kr.
- p. Veitingabrjef fyrir embættum og sýslunum í þarfir ríkisins:
 - 1) ef árslaun eru undir 1000 kr. með 2 kr.
 - 2) - — — frá 1000—2000 kr. með 4 —
 - 3) - — — — 2000—3000 — — 8 —
 - 4) - — — — 3000—4000 — — 12 —
 - 5) - — — — 4000 kr. eða meira 20 —
- q. Skirteini um embættispróf við háskólann með 20 kr.
- r. Önnur prófskirteini með 10 kr., ef út eru gefin af skólum ríkisins, skólum er ríkissjóður styrkir eða prófnefndum, er stjórnarvöld tilnefna að nokkru eða öllu leyti.
- s. Löggiltar verslunarbækur með 5 kr.
- t. Erfðaskrár, skjöl um dánargjafir og gjafarfa með 5 kr.
- u. Skoðunargerðir og virðingargerðir, sem ekki eru um neina ákveðna fjárhæð, með 2 kr.
- v. Mælingarbrjef skipa frá 12—30 smál. með 1 kr., frá 30—100 smál. með 2 kr. en stærri skipa með 5 kr.
- x. Sparisjóðsbækur (innlánsbækur) stofnana, er ávaxta fje, svo og innlánskirteini með 1 kr. Bækur sem áður hafa verið gefnar út, stimplast í fyrsta, skifti er þær eru sýndar til innfærslu vaxta eða innlags eða til úttektar, eftir að lög þessi öðlast gildi.

V.

Ýms ákvæði.

45. gr.

Þegar skjal er stimpilfrjálst vegna sambands þess við annað skjal, svo sem afsal þegar kaupsamningur er stimplaður, skal í hinu stimpilfrjálsa skjali vísað til hins stimplaða og þess getið, hversu hátt það er stimplað. Ef þessu er eigi fylgt og eigi heldur er sannað fyrir þeim, sem hlut eiga að máli, að skjal það er stimpilfrelsinu veldur, sje löglega stimplað, ber að stimpla hið síðara skjal eftir innihaldi þess. Auk þess varðar það sektum eigi undir 5 kr., ef þess er eigi getið í óstimpluðu skjali, hversvegna það sje stimpilfrjálst.

46. gr.

Á samrit og staðfest eftirrit stimplaðra skjala skal ritað hversu aðal-skjalið er stimplað og varðar sektum, eigi undir 5 kr., ef útaf er brugðið og er eigandi skjalsins og útgefandi sekir, ef um samrit er að ræða, en ef staðfest eftirrit er, þá eigandi þess og sá, er staðfesti eftirritið.

47. gr.

Skjöl, sem framsöl á eru stimpilskyld, má eigi gefa út til handhafa, eða framselja handhafa, og varðar sektum, ef út af er brugðið, eigi undir 10 kr. fyrir hvert skjal.

48. gr.

Ef stimpilskyld skjal er alls eigi stimplað, eða eigi nægilega stimplað, fyrir hinu tiltekna tíma, varðar það, ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, sektum, er nema hinu vantanda stimpilgjaldi fimmföldu, þó eigi undir 2 kr. Auk þess greiðist hið vantandi gjald.

49. gr.

Útgefendur og móttakendur stimpilskyldra skjala bera, hvort sem þeir koma fram í eigin nafni eða sem umboðsmenn annara, ábyrgð á rjettri stimplun. Móttakendur skjala, sem ekki eru löglega stimpluð, geta leyst sig frá sektaábyrgð með því, að láta á sinn kostnað stimpla skjalið innan mánaðar frá móttöku þess, eða ef greiðsludagur er fyr, þá í síðasta lagi þann dag, eða ef greiðsludagur er liðinn, þá þegar eftir móttöku þess. Móttakandi skjals, sem þannig er ástatt um, þarf ennfremur til þess að losna við sektaábyrgð, að tilkynna hlutaðeigandi yfirvaldi brot það, sem átt hefir sjer stað á lögum þessum.

50. gr.

Það varðar sektum, eigi undir 100 kr., að gefa rangar skýrslur um þau atriði, er máli skifta, við ákvörðun stimpilgjalds. Sömu refsingu varðar, ef maður neitar ranglega að hafa skjal í vörslum sínum, til þess að komast hjá stimpilgjaldi eða sekt.

51. gr.

Sömu refsingu varðar, ef rangt vottorð er ritað á samrit eða eftirrit skjals um stimplun frumrita.

52. gr.

Nú er skjal dagsett rangt, eða stimplun þess, og varðar það sömu refsingu og segir í 49. gr., þegar þetta er gert til að leyna broti á stimpillög-gjöfinni eða torvelda uppgötvun þess.

53. gr.

Hver sem stælir eða falsar þau stimpilmerki, sem stjórnarráðið lætur gera, samkvæmt 2. gr., skal sæta refsingu eftir 266. gr. hinna alm. hegningar-laga 25. júní 1869, þó þannig, að fangelsisrefsingu má beita, ef dómara þykir ástæða til.

54. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í rikisjóð. og ber að innheimta

þær, ef á þarf að halda, með lögtaki. Ef þær nást eigi á þann hátt, afplánast þær eins og lög mæla fyrir.

55. gr.

Fyrstu 10 árin eftir að lög þessi öðlast gildi, er stjórnarráðinu heimilt að lækka sektir allar, samkvæmt lögum þessum, og jafnvel láta þær falla alveg burtu, ef sjerstakar kringumstæður mæla með.

56. gr.

Allir opinberir starfsmenn, þar með taldir skiftaforstjórar, eru, að viðlagðri refsingu fyrir vanrækslu, skyldir til að hafa nákvæmar gætur á því, að lög þessi sjeu haldin, með því að athuga skjöl þau. sem þeir, starfs síns vegna, eða á annan hátt, hafa með höndum eða sjá, og kæra til sekta, ef þeir komast eftir brotum. Eru þeir skyldir til, eftir því sem við verður komið, að sleppa eigi skjölum þeim, sem brotin eru risin af, í hendur annara en þeirra, sem málið heyrir undir að lögum.

Ákvæði þessarar greinar gilda jafnt um frumrit skjala, samrit og staðfest eftirrit, eftir því sem við getur átt, svo og ennfremur um óstaðfest eftirrit, þegar þau eru notuð þannig, að ætla má að notandinn votti samræmi þeirra við frumritið, svo sem þegar eftirrit er lagt fram fyrir rjetti, eða fylgir umsóknnum til stjórnarvalda, enda skal jafnan, er svo er ástatt, vera ritað á eftirritið hvernig frumritið er stimplað.

57. gr.

Ef eigi er gætt fyrir mæla þessara laga, um áritun á samrit og eftirrit skjala um stimplun frumrits, og sá er fyrir sök er hafður, getur eigi sýnt frumritið, ber að stimpla samrit og eftirrit eins og það væri frumrit, nema sannað sje eða álita verði fullvist, að frumritið hafi verið löglega stimplað.

58. gr.

Íslands banki heldur stimpilfrelsi því, er hann hefir að lögum, og Landsbanki Íslands öðlast sömu ívilnanir. Bankavaxtabrjef veðdeildar Landsbankans eru stimpilfrjáls.

Þar sem ekki er annað ákveðið sjerstaklega, sker stjórnarráðið úr, hvort rikissjóður skuli greiða stimpilgjald af skjölum, er snerta hann.

59. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

60. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

Athugasemdir.

Hin nógildandi stimpilgjaldslög eru eins og kunnugt er frá 12. ágúst 1918, og eru það fyrstu stimpilgjaldslög, sem sett hafa verið hjer á landi, en þau falla úr gildi í árslok 1921. Það er talið að stimpilgjald hafi fyrst verið notað á Spáni, og ruddi það sjer tiltölulega fljótt til rúms, og á 17. öld er það orðið talsvert algengt í Norðurálfunni. Hjer kom það eigi í lög fyr en árið 1918, eins og þegar hefir verið um getið, en skattanefnd sú, sem skipuð var með konungsúrskurði 2. des. 1907 samdi og lagði fyrir stjórnina frv. til laga um stimpilgjald, og það er þetta frv., sem er grundvöllurinn undir hinum nógildandi stimpilgjaldslögum, þótt eigi óverulegar breytingar væru á því gerðar, enda var frv. tekið upp á hverju þinginu eftir öðru, en dagaði uppi þar til 1918.

Með því að stimpilgjald var nær því óþekt hjer á landi 1918, var það ráð tekið, að stimpilskylda eigi önnur skjöl en þau, sem þinglesin væru, eða á einhvern hátt afgreidd af opinberum starfsmönnum eða lánsstofnunum, til þess að sjá, hvernig landsmönnum fjelli gjald þetta, og til þess að leggja ekki á almenna skyldu til stimplunar skjala yfirleitt, meðan notkun stimpilmerkja mátti telja alveg óþekt öllum þorra landsmanna.

Þetta rjettlætti það ósamræmi, sem óneitanlega er í því, að t. d. víxill, sem banki kaupir er stimpilskyldur, en víxill, sem einstakur maður kaupir, er ekki stimpilskyldur. En þegar í umræðum um frv. um stimpilgjaldið 1918, var bent á þetta, og af sumum talið fráleitt fyrirkomulag. Og vitaskuld er það, að til langframa getur varla verið um þessa aðferð að ræða, og nú, þegar segja má, að töluverð reynsla sje komin á stimpilgjaldið hjer á landi, og þegar endurskoðun skattalöggjafarinnar í heild stendur fyrir dyrum, má segja, að nokkurn veginn sjálsagt sje að sniða nú stimpillöggjöfina íslensku eftir því, sem hún er í þeim löndum, er líkasta löggjöf hafa og vjer, en það eru Norðurlönd, eins og kunnugt er. Og það virðist því sjálsagðara að færa nú einnig stimpilskylduna yfir á ákveðna flokka skjala, án tillits til hvað við þau er gert, eða hver afgreiðir þau, sem ekki hefir heyrst síðan stimpilgjaldslögin komu í gildi, að lög þessi eða gjaldið væri óvinsælt, því að það er jafnan mikill kostur á skatti, að hann sje ekki óvinsæll. Í samræmi við þetta er hið framanskráða frv. bygt á því, að skjal sje stimpilskyllt, án tillits til, hvort það er þinglesið, selt í banka, afgreitt af valdsmanni eða ekki. Má ætla, að þessu verði eigi illa tekið, eins og nú er komið málum, enda ætti að mega vænta nokkurs tekjuauka af þessu.

Stimpilgjaldið er víða notað, ekki einungis til þess að ná gjaldi af verðbrjefum og ýmsum skjölum, heldur einnig sem handhægt meðal til að ná inn tollum og ýmsum sköttum, einkum af munadarvörum. En algengast er þó, að telja og láta stimpilgjaldið vera gjald af viðskiftum manna á meðal, viðskiftum, sem eru svo áriðandi, að þau eru rituð í sönnunarskyni, og innan þeirra vjebanda er frv. það, er hjer liggur fyrir.

Á árinu 1919 nam stimpilgjald hjer á landi rúmlega 1 milj. kr., en með því að frv. þetta gerir eigi ráð fyrir gjaldi af farmskirteinum um útfluttar vörur, lækkar gjald þetta mjög, en eigi verður með vissu sagt hversu mikið,

þar sem skýrslur vantar um verð hinna útfluttu vara það ár, en með viðbót-
um þeim, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, virðist alls eigi hátt, að áætla tekjur
af frv. þessu $\frac{1}{2}$ milj. á ári.

Um hinar einstöku greinar frv. skal það tekið fram, sem hjer segir:

Um 1. gr.

Þessi grein er að eins um hina almennu skyldu til stimplunar, og
sýnist ekki þurfa skýringar.

Um 2. gr.

Innihald þessarar greinar er í samræmi við núgildandi ákvæði. Það
skal tekið fram, að eigi hefir enn verið gerður pappír með áletruðum stimpil-
merkjum, og óvist að svo verði fyrst um sinn, en rjett þykir að halda heim-
ildinni. Gjaldið fyrir umsjón með stimplun er hið sama og nú er. Þykir eigi
fært að fella það niður, þar sem heimtað mun verða af þeim, er við stimplun
fást, að þeir beri ábyrgð á merkjunum, og skili fullu gjaldi fyrir þau, þótt
eitthvað af þeim kunni að glatast.

Um 3. gr.

Er eins og núgildandi reglur, að því undanskildu, að hjer er það tekið
skýlaust fram, að hin stimpilskylda fjárhæð sje tilgreind í skjalinu.

Um 4. gr.

Eftir þeim grundvelli, sem hin gildandi stimpilgjaldslög eru bygd á,
var eigi ástæða til sjerstakra ákvæða um, -hvaða skjöl væru stimpilskyld, eftir
útgáfustað þeirra, en eins og frv. þetta er sniðið, er brýn þörf á þessu, og er
sú regla tekin hjer upp, að stimpilskylda nái til allra skjala, sem út eru gefin
hjer á landi, þó þannig, að ef hvorki einn eða annar aðilja er hjer búsettur,
eða skjalið nær ekki til verðmæta hjer á landi, er það stimpilfrjálst. Þetta er
í samræmi við þær reglur, sem gilda í Danmörku, og stimpilskyldur verður
þannig ekki t. d. samningur, þótt gerður sje á Íslandi, milli útlendinga, um
sölu og kaup á erlendri fasteign; eða samningar milli hjerlends og útlends
manns, um sölu á íslenskum afurðum, ef skjalið er ekki gefið út hjer á landi.

Um 5. gr.

Eftir hlutarins eðli verður það að vera aðalreglan, að skjöl, sem út
eru gefin erlendis sjeu stimpilfrjáls, en undantekningu verður að gera um
ýms skjöl, er sanngírni mælir með, að sjeu stimpilskyld án tillits til útgáfu-
staðar. Þannig verður að fyrirbyggja það, að hjerlendir menn geti með því að
fara úr landi skotið undan stimplun skjölum, sem eftir eðli sinu eru að mestu
eða öllu leyti bundin við verðmæti eða stofnanir hjer á landi. Þau skjöl, sem
ræðir um í þessari grein, eru þessa eðlis og virðist greinin ekki þarfnast frek-
ari skýringar.

Um 6. gr.

Það er eigi ótítt, að skjal nefnir sig annað en það er í raun veru, t.
d. að afsal kallast kaupsamningur eða veðbrjef kallast afsal og geta til þessa

legið ýmsar orsakir. Þessi grein tekur af tvímæli um það, að jafnan skuli farið eftir hinu raunverulega innihaldi skjals.

Um 7. gr.

Akvæði þessarar greinar eru í samræmi við næstu grein á undan og þarf eigi frekar um hana að ræða.

Um 8. gr.

Virðist ekki þurfa neinnar skýringar.

Um 9. gr.

Í þessari grein er stungið uppá þeirri sanngjörnu og náttúrlegu reglu, að áletranir á skjöl sjeu stimpilskyldar, ef þær hefðu valdið breytingu á stimpilgjaldinu, hefðu þær staðið í skjalinu frá byrjun en ella ekki.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Í þessari grein eru aðeins sjálfsgöð ákvæði, sem ekki þarfnast skýringa.

Um 12. gr.

Að sjálfsgöðu verður að veita hæfilegan frest til þess að stimpla skjöl, því að í strjálbygðum sveitum væri oft ómögulegt að láta stimplun fara fram innan mjög skamms tíma. Það er álitamál, hversu langur þessi frestur á að vera, en frv. gerir ráð fyrir 2 mánuðum og sýnist það hæfilegt. Þó verður að slá þann varnagla, að skjal skuli jafnan stimplað fyrir eða í síðasta lagi á ein-daga, því að auðvitað getur löggjöfin eigi veitt lengri gjaldfrest en til innlausn-ardags skjalsins, þegar af þeirri ástæðu, að eftir eðli flestra skjala er ekki hægt að búast við, að handhafar þeirra yfirleitt hafi neina hvöt til að sjá um að stimplun fari fram.

Um 13. gr.

Það er töluvert vandamál að kveða á um fyrirkomulagið á stimplun skjala. Hugsanlegt væri að fela hverjum einstökum að sjá um stimplun sinna skjala og gefa jafnframt út auglýsingar um, hvar merki væri að fá og hafa það sem viðast, þar sem alls ekki er hægt að búast við, að almenningur kaupir merki til að geyma heima hjá sjer, ef ske kynni að á þeim þyrfti að halda. En vegna þess að auðsætt þykir, að þótt hverjum einstökum væri heimilað að stimpla, mundi hann þó venjulegast þurfa að fara á aðra staði til þess að útvega sjer merkin, og vegna þess að því verður alls eigi neitað, að það getur verið töluvert vandaverk að stimpla skjöl rjett, hefir þótt rjettast að leyfa eigi einstökum mönnum að gera það, enda mundi flestum samviskusömum alþýðumönnum þykja nauðsyn á að ráðfæra sig nm stimplunina við sjer færari menn, þótt þeir hefðu lagaheimild til að stimpla sjálfir. En þá væri tiltölulega lítið unnið en eigi alllitlu tapað, því að engi efi er á því, að

almenningur verður eigi svo vel heima í stimpillöggjöfnni að hægt sje að búast við rjetttri stimplun, ef ekkert eftirlit er haft með henni.

Það sýnist því bæði einfaldara og öruggara að leyfa ekki einstökum mönnum að stimpla skjöl sín, heldur að hafa það sem aðalreglu að það sje falið opinberum starfsmönnum, þar semætla má, að þeir kynni sjer reglur stimpilsgjaldslaganna, sem að ýmsu leyti eru flóknar, betur en almenningur og auk þess verður að telja þá alment betur til þess fallna að ákveða gjaldið en almenning.

En þótt þessi sje aðalreglan, sem nú hefir verið greint, sýnist þó rjett að gera ýmsar undantekningar, en einfaldast er að fela stjórnarráðinu að dæma um hvort ástæða sje til að veita þær, bæði að því er snertir einstakar tegundir skjala og einstaka menn, fjelög og stofnanir.

Um 14. gr.

Það er auðsætt, að skylda verður þá, er stimplunar beiðast til að gefa þær skýrslur og skýringar, sem með þarf til að ákveða gjaldið. Þetta er gert í umræddri grein, og það jafnframt sagt ótvírætt, að sjerhver hafi rjett til að leita úrskurðar stjórnarráðs og dómstólanna. Þykir rjettast, að taka þetta fram til þess, að enginn efi leiki á þessu.

Um 15. gr.

Það verður að banna að taka álimd stimpilmerki af skjölum, því að ef slikt væri leyft væri mjög hætt við misbrúkun. Hins vegar er eðlilegt að endurgreitt sje andvirði merkjanna að meira eða minna leyti þegar sjerstaklega stendur á og eru þar að lútandi reglur settar í þessari grein.

Um 16. gr.

Um fyrningu á kröfu rikissjóðs til stimpilgjalds verður að hafa sjerstakar reglur, og eru þær í þessari gr. Að sjálfsgöðu er eigi fært að láta kröfuna fyrnast fyrir það eitt, að sá er í hlut á lætur fyrirfarast að stimpla, en hinsvegar verður ekki hjá því komist, og er í samræmi við anda gildandi laga, að krafan fyrnist, ef opinberum starfsmanni er um að kenna, að eigi var stimplað. Þá þykir og eðlilegt, að krafan falli niður 5 árum eftir að það skjal, sem hún er risin af, er úr gildi, enda er þetta í samræmi við þá hugsun, sem liggur til grundvallar fyrir gildandi lagareglum um fyrningu, hefð o. fl.

Um 17. gr.

Að því er til stimpilgjaldsins kemur, eru fasteignir og skip sett á sama bekk, og byggist þetta á því, að skip eru í mörgu áþekk fasteignum, þótt ýmislegt skilji í milli. Eftir gildandi lögum er hið sama gjald á afsölum fasteigna og skipa.

Um 18. gr.

Það er álitamál, hvaða verð leggja á til grundvallar, þegar stimpilgjaldið er ákveðið. Sumstaðar er lagt til grundvallar skattvirðing fasteigna, en hjer þykir eðlilegast, þar sem um viðskiftagjald er að ræða, að telja gjaldið

eftir því verði, sem eignin er seld í raun og veru í hvert skifti, enda verður naumast sagt með rjettu, að skattvirðingar vorar sjeu komnar í það horf, að ábyggilegt sje, að þær sýni sannvirði, og að því er kemur til skipa, er engi slik virðing til.

Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar virðast sjálfsgöð, og þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Skýringa virðist ekki þörf.

Um 21. gr.

Með því að stimpilgjaldið nemur oft allstórri fjárhæð, þá er fasteignir eða skip ganga kaupum eða sölum, virðist ástæða til að leggja fyrir þá, er hafa á hendi þinglestur og skrásetning, að sjá um stimplun þessara skjala þá þegar, ef þau eru eigi áður stimpluð. Ákvæði þessarar gr. eru því einskonar viðbótarákvæði við 12. gr.

Um 22. gr.

Vel má vera, að til þinglestrar og jafnvel skrásetningar, komi heimildarbrjef fyrir fasteignum og skipum, sem eigi eru stimpluð þar, sem það er fyrst skylt, ef frv. þetta verður að lögum, að stimpla slik skjöl innan ákveðins tíma, En eigi virðist ástæða til að undanþiggja slik skjöl gjaldi þessu. Í þessari gr. eru því ákvæði, er gera skyldu þessa ótvíræða, en ella hefði ef til vill mátt um það deila, hvort skjöl þessi væru stimpilskyld eða eigi.

Um 23. gr.

Þessi gr. er að eins endurtekning á nügildandi ákvæðum.

Um 24. gr.

Hlutabryef eru eigi stimpilskyld eftir gildandi lögum, en annarsstaðar þykir sjálfsgöð að stimpla þau, og veitir það töluvert í aðra hönd, því að meir og meir fer í vöxt sú aðferð manna, að ávaxta tje sitt með því, að setja það í ýms fyrirtæki, og er þá hlutafjelaga-fyrirkomulagið langtíðast. Að sjálfsgöðu er það álitamál, hversu hátt þetta gjald má vera. Í frv. er stungið upp á 1%, sem er að sönnu nokkuð hátt, en þó varla svo, að viðskiftalífíð lamist fyrir þá sök, sjerstaklega þar sem gert er ráð fyrir að hluthafar sjálfir greiði gjaldið, hver af sínum hlut eða hlutum, en við þetta dreifist byrðin mjög, þar sem hlutir eru venjulegast allmargir og fremur smáir.

Hlutabryef, sem gefin hafa verið út, áður en frv. þetta verður að lögum, eru stimpilfrjáls, en framsöl slikra brjefa er eigi ósanngjarnt að stimpla.

Um 25. gr.

Þessi gr. stendur í nánú sambandi við 3. gr. b, og er í raun og veru að eins til að útiloka vafa.

Um 26. gr.

Í því efni, er hjer ræðir um, þykir rjett að skipa fjelögum með breytilegri meðlimatölu eða breytilegum höfuðstól, þótt persónuleg ábyrgð sje fyrir, á bekk með hlutafjelögum, enda er svo gert hjá ýmsum öðrum þjóðum. Hið sama er um fjelög, þar sem sumir fjelagar eru persónulega ábyrgir, en sumir eigi (Kommanditselskaber).

Um 27. gr.

Þegar persónuábyrgð er fyrir skuldbindingum fjelags, er það venjan, að fjelagar eru fáir og framlögin stór. Þess vegna þykir eigi fært að hafa stimpilgjaldið eins hátt á slikum samningum og hlutabrjefum. Þess vegna er gjald það, er þessi grein gerir ráð fyrir, eigi sett nema $\frac{1}{2}\%$.

Um 28. gr.

Þessi gr. er að eins til skýringar, sbr. 7. og 17. gr.

Um 29. gr.

Virðist eigi þurfa skýringa.

Um 30. gr.

Ákvæði þessarar gr. ná ekki til þeirra fjelaga, sem ræðir um í 24.—26. gr.

Um 31. gr.

Samkvæmt þeim reglum sem nú gilda, er stimpilgjaldið 5 af þúsundi af skuldabrjefum, sem þinglesin eru, en ella sem næst 1 af þúsundi. Eftir þessu frv. er skiftingin gerð, eftir því hvort skuldin ber vexti og er trygð með veði eða ábyrgð. Er þessi skifting eðlilegri en hin, enda stendur hin núgildandi skifting í sambandi við, að eins og nú er, eru ekki önnur skuldabrjef stimpilskyld en þau, sem þinglesin eru. Rjett hefir þótt að færa niður stimpilgjald af skuldabrjefum, því að það virðist of hátt, enda altaf búist við breytingum á þessu við endurskoðun stimpillaganna.

Skuldabref, sem eigi hljóða um nema 200 kr., þykir rjett að hafa stimpilfrjáls, ef hvorki er trygging sett nje vextir áskildir.

Um 32. gr.

Þessi grein er í samræmi við gildandi ákvæði.

Um 33. gr.

Ákvæðin í þessari grein eru ný, en eru í samræmi við stimpillöggjöf ýmsra annara þjóða.

Um 34. gr.

Þessi grein er í samræmi við gildandi lög og virðist ekki þarfnast skýringar.

Um 35. gr.

Stimpilgjaldið samkvæmt þessari grein er eins og það er nú af vixlum og ávísunum, en munurinn er sá, að samkv. frv. er ætlast til að gjaldið greiðist af öllum vixlum og ávísunum, hvort sem skjöl þessi eru seld lánsstofnunum eða ekki.

Vegna þess að tjekkávisanir eru undanskildar stimpilgjaldi er ekki útilokað að í viðskiftalífínu yrði það ráð tekið að nota tjekka meira en til er ætlast eftir tjekklögunum, til þess að komast hjá gjaldinu. Til þess að koma í veg fyrir þetta er í síðustu málsgrein ákveðið að ef innlausn ávísunar dregst svo lengi, að útgefandi og ábekingur sjeu lausir við greiðsluskyldu sína, skuli fara með tjekkin sem aðrar ávisanir, en þegar svo er, getur það haft rjettarmissi í för með sjer að nota tjekka til annara viðskifta en löggjöfin ætlast til.

Um 36. gr.

Parf ekki skýringar við.

Um 37. gr.

Eftir því sem vixlar eru notaðir hjer á landi virðist eigi verða hjá því komist að láta framsöl þeirra vera stimpilfrjáls og er þá sennilega rjettast að láta hið sama gilda um ávisanir.

Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 38. gr.

Hingaðtil hefir ekkert stimpilgjald verið greitt af vátryggingar- eða líftryggingarsamningum, þótt svo sje víðast annarstaðar, en þessu er tilætlunin að breyta með frv. á þann veg, sem greinin tiltekur nánar. Þessi skattur er naumast tilfinnanlegur en ætti að gefa töluvert í aðra hönd. Greinin gerir ráð fyrir því, að þegar tryggingarskirteinið er gefið út, sje goldið af allri hinni trygðu fjárhæð, en við endurnýjun greiðist aðeins af iðgjaldinu.

Það virðist eigi ólíklegt að ástæða þyki til að undanskilja stimpilgjaldi einstakar tegundir trygginga og að öðru leyti setja nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar, en heppilegt er að rígskorða með lögum og er því stungið upp á, að stjórnarráðið geti sett nánari reglur og veitt undanþágu í þessu efni.

Um 39. gr.

Virðingargerðir eru eigi heldur stimpilskyldar eftir núgildandi lögum en það virðist ekki óeðlilegra að stimpla þær en ýms önnur skjöl. Hinsvegar verður að undantaka þær virðingar, sem ríkið lætur framkvæma t. d. hið lögboðna fasteignamat 10. hvert ár.

Um 40. gr.

Eftir núgildandi lagatyrirmælum eru aðeins þeir leigusamningar stimpilskyldir, sem þinglesnir eru, en þessu er sjálfsagt að breyta í samræmi við þann grundvöll, sem frv. þetta byggir á. Gjald það, sem hjer er gert ráð fyrir, virðist mjög hóflegt.

Um 41. gr.

Þeir samningar, sem ræðir um í þessari grein, eru eigi heldur stimpilskyldir eftir gildandi lögum, en þá sýnist naumast ástæða til að undanskilja.

Um 42.—43. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 44. gr.

Ýmsum skjölum er þannig varið, að langheppilegast er að stimpla þau með föstu gjaldi ýmist vegna þess að erfitt er að ákveða verðmæti þeirra eða vegna þess að verðgildi þeirra breytist eða alls eigi er auðið að ákveða verðmæti þeirra fyrir viðskiftalífið. Um þessi skjöl er rætt í þessari grein. En hvaða skjöl eigi að telja til þessa flokks er í raun og veru ærið vafasamt og eigi síður hitt, hvaða gjald skuli greitt af hverjum flokki þeirra fyrir sig, þannig að eigi verði ósamræmi og þar sem um slíkt mat er að ræða er mjög hætt við að sitt sýnist hverjum.

Annars virðist ekki þörf á að skýra grein þessa, því að þeir flokkar skjala, sem í henni eru nefndir, munu vera svo greinilega aðskildir hver frá öðrum, að eigi valdi vafa.

Um 45. gr.

Þegar skjal er gefið út og er stimpilfrjálst, jafnvel þótt það teljist til skjalaflokks, sem er stimpilskyldur, svo sem afsal, þegar kaupsamningur hefir verið stimplaður, verður að ganga ríkt eftir því, að þess sje getið í hinu stimpilfrjálsa skjali, hvað stimpilfrelsinu veldur, og láta varða sektum ef útaf er brugðið.

Um 46. gr.

Samrit og eftirrit skjala á að sýna hversu aðalskjalið er stimplað til þess að þeir, sem þau fá í hendur geti sjeð, hvort skjal það er þeir fá er löglega stimplað.

Um 47. gr.

Það er vitaskuld að þegar framsal skjals er stimpilskyllt, verður að banna framsal slíkra skjala til handhafa, því að ella er eigi auðið að hafa neitt eftirlit með hvort hið lögákveðna stimpilgjald er greitt.

Um 48. gr.

Það mun víðast vera síður að skoða brot gegn stimpillögum sem delicta sui generis og hafa sektahegninguna þá upphæð margfaldaða, sem reynt hefir verið að draga undan. Hjer er stungið uppá að fimmfalda tjeða tjárhæð og er það í samræmi við gildandi reglur hjer að lútandi.

Um 49. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hverjir beri ábyrgð á stimplun skjala og hversu móttakendur skjala geta leyst sig frá því að verða meðsekir, ef þeir fá í hendur skjöl sem ekki eru löglega stimpluð. Með þessu verður það áhættu-

laust fyrir sjerhvern að taka á móti eða kaupa skjöl þótt óstimpluð sjeu eða eigi nægilega stimpluð, því að vitaskuld skiftir það eigi máli um gildi skjalsins, hvort það er rjettilega stimplað eða eigi.

Um 50.—52. gr.

Sektarákvæðin í þessum greinum virðast ekki þarfnast skýringar.

Um 53. gr.

Munurinn á því að stæla og falsa stimpilmerki liggur í því, hvort hinn seki lætur gera eða gerir ný merki, eða breytir þeim merkjum, sem landsstjórnin hefir gefið út t. d. þannig, að merkið fái hærra gildi. Glæpir sem þessir eru náskyldir peningafölsun og því er í þessari grein sett sama refsing við þessum glæpi og peningafölsun, þó þannig, að lækka má refsinguna ef ástæða er til vegna þess að stæling eða fölsun merkjanna getur yfirleitt naumast talist jafnhættuleg hinu almenna viðskiftalífi og peningafölsun.

Um 54. gr.

Að sjálfsgöðu renna sektir, samkvæmt lögum þessum, í rikissjóð, og virðist rjett að taka það skýrt fram, að lögtak skuli reynt hjá hinum seku, ef sektirnar eru eigi greiddar án þess, en afplánun eigi sjer þá fyrst stað, ef þeir geta ekki borgað, því að það virðist alls eigi rjett nú á tímum, þegar flestir eru sammála um, að fjársektir eigi að ryðja sjer meira til rúms, en verið hefir, að jafnvel rikir menn geti afplánað lágar sektir.

Um 55. gr.

Það er ekki nema eðlilegt, að fyrst eftir að almenningi er lögð á herðar almenn skylda, til að sjá um stimplun skjala sinna, verði reynslan sú, að einhverjir kunni að verða sekir um vanrækslu þeirra ákvæða, sem lögleidd eru, ef frv. þetta verður að lögum, annaðhvort sakir athugaleysis eða vanþekkingar á ákvæðum þeirra. Og þótt ekki sje fært að gefa þá reglu yfirleitt, að leysa slíka menn frá refsingu, virðist sanngjarnt að heimila stjórninni að læra refsinguna niður, eða jafnvel láta hana falla alveg burt, og ætti alls eigi að geta talist varhugavert að veita slíka heimild, enda er að eins stungið upp á að hún gildi í 10 ár.

Um 56. gr.

Þeim stjórnarvöldum, sem að lögum er skylt að vaka yfir, að löggjöf landsins yfirleitt sje hlýtt, ber og að sjálfsgöðu að hafa eftirlit með stimpil-löggjöfinni, en um þessa löggjöf verður að ætla að eigi sje ofmælt þótt sagt sje, að fáum greinum löggjafarinnar sje erfðara að hafa umsjón með en þessari. Það er því nauðsynlegt að fjölga sem mest þeim, sem skylt er að hafa eftirlit þetta að lögum, og verður það eigi, að því er virðist, gert á annan hagkvæmari hátt en þann, að skylda alla opinbera starfsmenn til að hafa það á hendi, hvern í sinni grein. Þannig verður t. d. dómurum öllum skylt, að rannsaka í þessu efni þau skjöl, sem lögð eru fram fyrir rjettinum, sáttanefndum skylt að gera hið sama um skjöl, sem fyrir þær eru lögð, þeir sem annast þinglestur, sjá um stimplun slíkra skjala, bankar og lánsstofnanir sjá um

stimplun þeirra skjala, sem um þeirra hendur fara o. s. frv. Ætti með þessu að fást allgott eftirlit með því, að stimpillöggjöfinni sje hlýtt.

Um 57. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 58.—59. gr.

Gefur ekki heldur tilefni til athugasemda.

Um 60. gr.

Með því að hin nügildandi stimpilgjaldslög falla úr gildi 31. des. 1921, er það sjálfsgefið, að verði þau eigi framlengd, þurfa hin nýju lög að koma í gildi 1. jan. 1921.